

**Nd.**

**438. Breytingartillögur**

[181. mál]

við frv. til 1. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur,  
Málmfríði Sigurðardóttur og Pórhildi Porleifsdóttur.

1. Í stað 4.–14. gr. komi þrjár nýjar greinar svohljóðandi:

a. (4. gr.)

Heimildir til botnfiskveiða skulu vera tvønns konar:

- a. 80% þess heildarafla, sem ákveðinn er skv. 2. gr., skal skipt milli byggðarlaga (útgerðarstaða) með hliðsjón af lönduðum afla síðustu fimm ára.
- b. 20% heildaraflans skulu renna í sérstakan sameiginlegan sjóð, veiðileyfasjóð, og vera til sölu, leigu eða til sérstakrar ráðstöfunar til byggðarlaga, sbr. 6. gr.

b. (5. gr.)

Sveitarstjórnir skulu selja, leiga eða ráðstafa veiðiheimildum, sem þeim er úthlutað skv. a-lið 4. gr., til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga eftir þeim reglum sem þær setja sér.

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða gjald fyrir framsal veiðileyfa, sem þær fá skv. b-lið 4. gr., og skal gjaldið eigi vera lægra en það sem þær greiða fyrir þau í veiðileyfasjóð.

Sveitarstjórnnum er heimilt:

- a. að úthluta tilteknu aflamarki til útgerða, fiskvinnslustöðva eða einstaklinga,
- b. að ákveða sérstök álög á þann fisk sem er landað erlendis,
- c. að leyfa færslu veiðiheimilda, allt að 5%, milli ára,

- d. að setja reglur um veiði smábáta,
  - e. að setja reglur um nýjar veiðiheimildir,
  - f. að framleigja veiðiheimildir til annarra byggðarlaga enda verði aflanum að einhverju leyti landað í því byggðarlagi, sem framleigir veiðiheimild, ef viðkomandi sveitarstjórn óskar; tekjum af leigunni verði varið í þágu sjávarútvegsins.
- c. (6. gr.)  
 Gjald fyrir veiðiheimildir frá veiðileyfasjóði, sbr. b-lið 4. gr., skal miðast við ákveðið meðalverð á afla upp úr sjó.  
 Tekjum af sölu eða leigu veiðiheimilda skal varið til eftirfarandi verkefna:
- a. fræðslu sem nýtist sjávarútvegi, fiskvinnsluskóla, símenntunar fiskvinnslufólks, sjómannaskóla og öryggisfræðslu sjómanna,
  - b. rannsókna tengdum sjávarútvegi, grunnrannsókna á lífríki sjávar, rannsókna á ónýttum og vannýttum tegundum, vörुþróunar í sjávarútvegi, markaðsöflunar og markaðshönnunar fyrir sjávarafurðir,
  - c. verðlauna til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu og meðferð aflans eða fyrir lofsverðan aðbúnað starfsfólks.
2. Við 15. gr. (verður 7. gr.).
- a. Á eftir orðunum „og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna“ komi: einum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum tilnefndum af Verkamannasambandi Íslands.
  - b. Í stað orðanna „varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark“ komi: varðandi veiðileyfi og aflamark.
3. Við 17. gr. (verður 9. gr.). Á eftir orðunum „útflytjendum er skylt að láta“ komi: viðkomandi sveitarstjórn og.
4. Við 18. gr. (verður 10. gr.). 2. mgr. orðist svo:  
 Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark, sbr. þó c-lið 5. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976.
5. Við 21. gr. (verður 13. gr.). 1. másl. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988 og gilda til 31. desember 1992.